

Nd.

563. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir Rangárvallasýslu til að starfrækja ungmennaskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að ákveða það lýðskóla-fyrirkomulag innan umdæmisins, að öll ungmenni, konur sem karlar, skuli stunda verklegt eða bóklegt nám einn til tvo vetur einhvern tíma á aldrinum 15—19 ára, og sé nemendum gefinn kostur á að greiða fæðiskostnað og kennslu í innanhéraðsskóla með því að vinna ákveðinn tíma kauplaust, að öðru en fæði, í þágu sýslu- eða bæjarfélagsins.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að fyrirskipa ungmennanám og starfrækja lýðskóla með því fyrirkomulagi, er í 1. gr. segir, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Ef $\frac{2}{3}$ hlutar kjósenda, er þátt taka í atkvæðagreiðslu samkv. 2. gr., samþykkja námsskyldu ungmenna og starfrækslu lýðskóla samkv. 1. gr., þá skal fullkomið skólahús, af þeirri stærð, er hæfi áætlaðri nemendatölu héraðsins, byggt á kostnað rikissjóðs, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, á þeim stað, er hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála fellst á.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Nú hættir sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja lýðskóla, er reistur hefir verið samkv. 3. gr., áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, er skólahúsið var fullgert, og skal þá hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða rikissjóði byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal draga frá $\frac{1}{40}$ hluta þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkv. lögum þessum.

5. Við 5. gr.

a. Greinin orðist svo:

Með reglugerð, er hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur, og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal setja ákvæði um stjórn og rekstur skólans, tilhögun námsins og vinnunnar og annað það, er þörf er á samkv. lögum þessum.

b. Aftan við greinina bætist ný grein, 6. gr., svo látandi:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

6. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með námsskyldu og vinnuréttindum ungmenna.